

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/296****2019/EES/49/39**

frá 20. febrúar 2019

**um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2286 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikipjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 6. gr. d,

að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í hollensku, grísku og portúgölsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 <sup>(2)</sup> er villa í fyrstu undirgrein 2. mgr. 4. gr. að því er varðar útreikning á lágmarksmagni af reikigagnapjónustu í smásölu, sem viðskiptavinur í reikipjónustu á að geta notað þegar hann ferðast öðru hverju í Sambandinu, ef veitandi reikipjónustunnar beitir viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.
- 2) Því ætti að leiðrétta hollensku, grísku og portúgölsku útgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2286 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(á ekki við um ensku útgáfuna)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 50, 21.2.2019, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2019 frá 14. júní 2019 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 frá 15. desember 2016 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikipjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats (Stjttð. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 46).